



Nr. 4/2004
5. febrúar 2004

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands

Frá miðju ári 1995 hefur Seðlabanki Íslands mánaðarlega gefið út frétt með helstu liðum úr efnahagsreikningi sínum í lok liðins mánaðar. Í stað helstu liða úr efnahagsreikningi sínum mun bankinn héðan í frá birta efnahagsreikning eftir lok hvers mánaðar. Fréttin verður hér eftir sem hingað til birt á heimasíðu bankans. Um leið hættir bankinn annarri reglulegri dreifingu og birtingu á efnahagsreikningi sínum. Yfirleitt verða sýndar upplýsingar frá lokum síðasta mánaðar, lokum næstliðins mánaðar og liðinna áramóta auk breytinga á einstökum liðum. Frávik verða við birtingu efnahagsins í lok janúar.

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok janúar 2004

Í meðfylgjandi yfirliti er sýndur efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok janúar 2004 og til samanburðar í lok desember 2003 og í lok desember 2002.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans minnkaði í janúar um 1,7 milljarða króna og nam 56,4 milljörðum króna í lok mánaðarins (jafnvirði 812 milljóna Bandaríkjadala á gengi í mánaðarlok).

Seðlabankinn keypti gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði fyrir 7 milljarða króna í janúar í samræmi við áætlun hans um aðgerðir til að styrkja gjaldeyrisstöðu sína sem m.a var greint frá í nóvemberhefti *Peningamála* 2003. Þar af keypti bankinn jafnvirði um 5,5 milljarða króna í einum viðskipum við einn viðskiptavakanna á gjaldeyrismarkaði. Um leið gerði bankinn gjaldmiðlaskiptasamning við viðskiptavakann og seldi honum Bandaríkjadali að andvirði 6,9 milljarða króna sem bankinn kaupir aftur í apríl n.k.

Gengi íslensku krónunnar styrktist um 3,3% í janúar.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 3,9 milljörðum króna í janúarlok miðað við markaðsverð. Þar af námu markaðsskráð verðbréf ríkissjóðs 0,7 milljörðum króna.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir hækkuðu um nær 18 milljarða króna í janúar og námu 42 milljörðum króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir hækkuðu einnig lítillega og námu 4,8 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nettókröfur bankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir lækkuðu um 7,8 milljarða króna í janúar og námu nettóinnstæður ríkissjóðs 30 milljörðum króna í lok mánaðarins.

Grunnfé bankans hækkaði í janúar um 10,7 milljarða króna og nam 32,4 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands 31. janúar 2004

M.KR.	STADA 31.12.02	STADA 31.12.03	STADA 31.01.04	HREYFINGAR Árið 2003	Í janúar
EIGNIR:	116.650	87.357	104.214	-29.293	16.857
Erlendar eignir:	37.380	58.317	56.607	20.937	-1.709
a. Gull	1.727	1.873	1.757	147	-116
b. Sérstök dráttarréttindi IMF	12	3	3	-8	0
c. Gjaldeyrisstaða við IMF	2.038	1.963	1.916	-76	-46
d. Erlendir bankar	9.510	22.740	20.133	13.230	-2.607
e. Erlend verðbréf og ríkisvixlar	23.908	31.538	32.605	7.630	1.067
f. Erlendar eignir utan forða	185	200	193	15	-7
Innlánsstofnanir:	69.141	24.038	42.011	-45.102	17.973
a. Endurhverfir samningar	69.035	24.038	35.063	-44.997	11.025
b. Aðrar kröfur	105	0	6.948	-105	6.948
Aðrar fjármálastofnanir:	8.227	4.193	4.758	-4.034	566
a. Markaðsskráð verðbréf	3.445	3.223	3.068	-221	-155
b. Endurhverfir samningar	4.782	969	1.690	-3.813	721
Ríkissjóður og ríkisstofnanir:	1.816	715	717	-1.100	2
a. Markaðsskráð spariskírteini	1.313	715	717	-598	2
b. Markaðsskráð ríkisbréf	502	0	0	-502	0
Aðrar eignir	87	94	120	7	26
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:	116.650	87.357	104.214	-29.293	16.857
Erlendar skuldir til skamms tíma	16.499	124	115	-16.375	-8
Mótvirði úthlutunar dráttarréttinda IMF	1.802	1.735	1.694	-67	-41
Seðlar og mynt	9.590	10.583	9.858	994	-725
Innlánsstofnanir:	23.001	11.117	22.555	-11.884	11.438
a. Innstæður	23.001	6.616	14.570	-16.385	7.954
b. Innstæðubríf	0	4.501	1.001	4.501	-3.500
c. Aðrar skuldir	0	0	6.984	0	6.984
Aðrar fjármálastofnanir:	1.333	33	33	-1.300	0
a. Innstæður	1.333	33	33	-1.300	0
Ríkissjóður og ríkisstofnanir:	22.662	22.901	30.693	239	7.792
a. Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs	8.771	9.689	17.531	918	7.842
b. Ríkisstofnanir	1.978	1.208	1.129	-771	-79
c. Gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs	394	487	471	93	-16
d. Bundið innlán	11.519	11.517	11.563	-2	46
Aðrar skuldir	1.510	602	540	-908	-61
Gengishagnaður/-tap ársins	-2.555	-1.939	-1.406	615	534
Hagnaður ársins, án gengishagn./-taps - áætlað	4.696	1.949	-132	-2.747	-2.080
Stofnfé og annað eigið fé	40.254	40.254	40.263	0	9
Liðir til skýringar					
Gjaldeyrisforði (erlendar eignir a.-e.)	37.194	58.117	56.414	20.922	-1.702
Gjaldeyrisstaða nettó	20.696	57.993	56.299	37.297	-1.694
Kröfur á ríki og ríkisstofnanir nettó	-20.846	-22.185	-29.976	-1.339	-7.791
Kröfur á aðra brúttó	77.454	28.325	46.889	-49.129	18.564
Grunnfé	32.590	21.700	32.413	-10.890	10.712